

Þórður Arason, Sibylle von Löwis, Ágúst Þór Gunnlaugsson & Árni Sigurðsson (2021), *Flutningur á mælireit Veðurstofunnar*, Haustþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 14. október 2021.

Flutningur á mælireit Veðurstofunnar

Þórður Arason, Sibylle von Löwis, Ágúst Þór Gunnlaugsson & Árni Sigurðsson
Veðurstofu Íslands

Útbúinn var sérhannaður veðurathuganareitur austan við hús Veðurstofunnar við Bústaðveg um leið og nýtt hús Veðurstofunnar var byggt og hófust veðurathuganir í reitnum í maí 1972. Nú virðist mikil þörf á að taka mælireitinn undir nýbyggingar og hefur því verið útbúinn nýr mæliteigur á toppi golfskálahæðarinnar NV við Veðurstofuhúsið. Þar sem búast má við að einhver munur geti verið á mæliaðstæðum, stendur til að bera saman samtímamælingar á nokkrum veðurþáttum í gamla mælireitnum og nýja mæliteignum. Samanburðartímabil verður frá 1. okt. 2021 til 31. maí 2023, en á þeim tíma verða engar framkvæmdir á eða við hvorugan staðinn. Skoðuð verða samtímagögn sl. sumar og hvaða mun má sjá á mælingum í reit og teig.

